

Greinargerð með fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2024-2027



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Samstæða Mosfellsbæjar



Aðalsjóður



Eignasjóður



Þjónustustöð



Veitur



Félagslegar
íbúðir



Hjúkrunar-
heimili



Hlégarður



Samstarfs-verkefni
A- hluta



Samstarfs-verkefni
B-hluta




Efnisyfirlit

Áherslur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar


Málaflokkar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Áherslur fjárhagsáætlunar 2024


- Rekstrargjöld eru áætluð 18.648 m.kr.
- Nýframkvæmdir ársins 2024 eru áætlaðar samtals 5,1 milljarðar króna brúttó.
- Heildartekjur eru áætlaðar 21.658 m.kr. Þar af eru útsvarstekjur áætlaðar 11.424 m.kr.
- Afgangur verður af rekstri A- og B hluta, 969 m.kr. þrátt fyrir hátt fjárfestingastig.
- Gert er ráð fyrir að útsvar verði óbreytt, 14,74% sem er í samræmi við lögbundna heimild sveitarfélaga.
- Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda lækki til að koma til móts við hækkun fasteignamats.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki miðað við verðlag.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Áherslur fjárhagsáætlunar 2024


- Farsæld barna í forgangi.
- Umbótatillögur - rekstur og stjórnsýsla.
- Efling stafrænnar þróunar og upplýsingatækni.
- Gott að eldast - samþætting stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar.
- Velferðartækni - fyrstu skrefin.
- Þróunarverkefni - Skálatún ses.
- Innleiðing menntastefnu og efling upplýsingatækni í skólum.
- Barnvænt sveitarfélag.
- Aðgerðaáætlun og mótun mælikvarða fyrir lýðheilsu- og forvarnarstefnu.
- 250 fundir, samkomur og viðburðir í Hlégarði.
- Innleiðing atvinnustefnu og mótun mælikvarða.
- Grenndarstöðvum fjölgað og þær endurbættar.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Áherslur fjárhagsáætlunar 2024

- Varmárvellir - endurbygging aðalvallar.
- Uppbygging í síðari hluta 5. áfanga í Helgafellshverfi og við Langatanga.
- Uppbygging innviða á atvinnusvæði í Blikastaðalandi.
- Deiliskipulag Blikastaða og 6. áfanga í Helgafellshverfi.
- Hugmyndavinna vegna rammaskipulags miðbæjar.
- Nýr búsetukjarni við Úugötu.
- Leikskólabygging – Helgafellshverfi.
- Íþróttahús Helgafellsskóla, fyrri hluti innréttinga.
- Frágangur húss og lóðar – Kvíslarskóli.
- Battavöllur – Varmárskóli.




Efnisyfirlit

Áherslur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar

Málaflokkar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Forsendur



Hagvöxur

Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,5% árið 2024. Þetta er minni hagvöxtur en undanfarin ár en 2022 var hagvöxtur 6,4% og spáin fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 4% hagvexti.



Íbúapróun

Íbúar Mosfellsbæjar voru 13.430 þann 1. janúar 2023 og var fjölgunin milli ára 3,1%. Fjölgunin á 10 ára tímabili, 2013-2023, er 49,5%. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun næstu árin. Í ársbyrjun 2024 er gert ráð fyrir að íbúafjöldi verði 13.753 eða 2,4% fjölgun milli ára.



Kjarasamningar

Núverandi kjarasamningar þeirra starfsstétta sem starfa hjá Mosfellsbæ eru í gildi til 31. mars 2024 og tekið er tillit til þess í fjárhagsáætluninni.



Verðbólga

Útkomuspá miðar við 7,5% verðbólgu á árinu 2023 og á árinu 2024 er gert ráð fyrir 5,6% verðbólgu.




Þjónustustig

Miðað er við að þjónustustig verði sambærilegt og árið 2023.




Íbúafjöldi og íbúapróun 2013-2027*



*Miðað við íbúafjölda 1. jan ár hvert

Drifkraftar fjárhagsáætlunar 2024-2027




Efnisyfirlit

Áherslur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar

Málaflokkar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

	Raun 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrarreikningur						
Skatttekjur	13.115	15.197	16.589	17.695	19.136	20.645
Aðrar tekjur	3.331	5.610	5.069	5.641	6.330	7.004
Rekstrargjöld	15.022	17.665	18.648	20.042	21.878	23.773
Afskriftir	597	604	611	787	878	957
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	828	2.538	2.398	2.507	2.710	2.919
Fjármagnsgjöld og tekjuskattur	1.726	1.648	1.429	1.163	1.067	1.022
Rekstrarniðurstaða	-898	890	969	1.345	1.643	1.897
Efnahagsreikningur						
Eignir samtals	29.022	31.499	34.619	37.806	40.811	42.618
Eigið fé	6.957	7.850	8.821	10.169	11.815	13.712
Skuldir og skuldbindingar samtals	22.064	23.649	25.797	27.637	28.996	28.906
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	1.233	1.872	2.052	2.311	2.582	2.872
Lántaka	1.422	1.800	2.500	2.350	2.019	674
Fjárfestingar	2.622	2.923	3.617	3.829	3.624	2.472
Handbært fé í árslok	161	150	111	129	271	455



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Tekjur

Heildartekjur Mosfellsbæjar 2024 eru áætlaðar 21.658 m.kr.



Útsvar

Áætlað er að álagningarhlutfall útsvars verið áfram 14,74%. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki í takt við almennar launahækkanir og íbúafjölgun.



Fasteignaskattur

Álagningarprósenta fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis lækkar til að koma til móts við hækkun fasteignamats svo hækkun sé ekki umfram verðlag. Álagningarprósenta fasteignaskatts atvinnuhúsnæðis lækkar.



Framlög úr jöfnunarsjóði

Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði 3.473 m.kr. Þar af eru í málaflokki fatlaðs fólks 1.927 m.kr. eða 55% framlaga.




Byggingarréttur

Áætlaðar tekjur af byggingarrétti eru 800 m.kr.




Gjaldskrár

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að gjaldskrár hækki almennt í takt við verðlag.



Hlutfallsleg skipting framlaga úr Jöfnunarsjóði



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Gjöld



Stöðugildum fjölgar um 94 milli árunna 2023 og 2024. Þar af 69 vegna tilfærslu þjónustu Skálatúns til Mosfellsbæjar.




Annar rekstrarkostnaður hækkar í takt við aukin umsvif sveitarfélagsins.




Heildar rekstrargjöld Mosfellsbæjar 2024 eru áætluð 18.648 m.kr.


Launakostnaður í m.kr.



Stöðugildi




Annar rekstrarkostnaður í m.kr.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Áætluð rekstrarniðurstaða A- og B- hluta



Árið 2024 er gert ráð fyrir 2.398 m.kr. rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði og að rekstrarniðurstaða verði 969 m.kr.



Gjöld eru áætluð 18.648 m.kr. sem skiptast í laun og launatengd gjöld, sem nema 59% af heildargjöldum, og annan rekstrarkostnað sem nemur 41%.



Fjármagnsgjöld nema 1.400 m.kr. Þar af nema verðbætur 1.045 m.kr.



Heildareignir eru áætlaðar um 34.618 m.kr. í lok árs 2024. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 25.797 m.kr. og eigið fé 8.821 m.kr.



Tekjur eru áætlaðar 21.658 m.kr. og skiptast í skatttekjur sem eru 61% af heildartekjum, framlög jöfnunarsjóðs sem eru 16% og aðrar tekjur sem eru 23%.

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Framkvæmdir og fjárfestingar A-hluta

- Áætlað er að framkvæma fyrir samtals 3.881 m.kr. og eru tekjur af gatnagerð 1.469 m.kr. Samtals er því kostnaður vegna framkvæmda í A-hluta 2.412 m.kr.
- Stærsta einstaka framkvæmd ársins 2024 er vegna nýs leikskóla í Helgafellslandi, eða 900 m.kr.
- Þá er gert ráð fyrir 200 m.kr. kostnaði vegna innréttingar nýs íþróttahúss við Helgafellsskóla.
- Gatnagerðartekjur eru 1.469 m.kr.


- Framkvæmdir við aðalvöll að Varmá er stærsta framkvæmd við íþróttasvæði og nemur hún um 700 m.kr.
- Þá verður 140 m.kr. varið til endurnýjunar þaks og búnaðar við íþróttamiðstöðina að Lágafelli.
- Áætlað er 60 m.kr. framlag á þessu ári vegna stækkunar hjúkrunarheimilisins að Hömrum en gert er ráð fyrir fjölgun um 66 rými. Heildarkostnaður Mosfellsbæjar vegna stækkunarinnar nemur 440 m.kr.
- Á næsta ári er áætlað að greiðslur til Betri samgangna ohf. á grunni samgöngusáttmála nemi um 73 m.kr. í samræmi við ákvæði sáttmálans.



Hlutfall fyrirhugaðra framkvæmda A-hluta 2024 eftir málaflokkum



Fyrirhugaðar framkvæmdir í A-hluta í m.kr.




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Framkvæmdir og fjárfestingar B-hluta

- Áætlað er að framkvæmt verði í B-hluta fyrir samtals 1072 m.kr.
- Framkvæmdir við MosVeitur, þ.e. vatns- hita- og fráveitu Mosfellsbæjar, eru stærsti hluti fjárfestinga í B-hluta. Þar munar mestu um hlutdeild veitnanna í uppbyggingu nýrra hverfa í Helgafelli og atvinnusvæðinu á Blikastöðum.
- Gert er ráð fyrir kaupum og endurnýjun félagslegra íbúða fyrir 255 m.kr.

Hlutfall fyrirhugaðra framkvæmda B-hluta 2024 eftir málaflokkum



Fyrirhugaðar framkvæmdir B-hluta í m.kr.




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Fjárfestingar og eignir

Fjárfestingar í m.kr.

■ Skólabyggingar ■ Íþróttamannvirki ■ Önnur mannvirki ■ Veitur ■ Félagslegar íbúðir ■ Gatnagerð



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Afborganir, ný lán og fjárfestingar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Aðrar lykiltölur

Skuldaviðmið




Efnisyfirlit

Áherslur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar

Málaflokkar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Málaflokkar

Í þessum kafla verður gert grein fyrir rekstri einstakra málaflokka. Málaflokkar skiptast niður á fjögur málefnasvið og fjögur stoðsvið/skrifstofur.



Miðlægar skrifstofur

Fjármála- og áhættustýringarsvið, mannauðs- og starfsumhverfissvið, skrifstofa umbóta og þróunar, skrifstofa bæjarlögmanns og upplýsingatækni.



Fræðslu- og frístundamál

Grunnskólar, leikskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, Listaskóli og stoðþjónusta skóla.



Velferðarmál

Þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta.



Menningar-, íþrótt- og lýðheilsumál


Íþróttamál, bókasafn, listasalur og lýðheilsumál.



Umhverfismál

Sorpmál, skipulagsmál, byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, snjómokstur o.fl.

Skipting útgjalda eftir málaflokkum í m.kr.




- Miðlægar skrifstofur
- Velferðarmál
- Fræðslu- og frístundamál
- Menningar-, íþrótt-, og lýðheilsumál
- Umhverfismál

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Stoðsvið og -skrifstofur

- Stjórnkerfisbreytingar voru samþykktar í maí og tóku gildi 1. september 2023. Í þeim felast þó nokkrar breytingar á miðlægum stoðsviðum og skrifstofum.
- Skrifstofa umbóta og þróunar annast samhæfingu verkefna þvert á svið, innleiðingu umbótaverkefna, tækni og vefmál, upplýsingamiðlun, stafræna þróun og atvinnumál.
- Fjármála og áhættustýringarsvið ber ábyrgð á öllum fjármálatengdum verkefnum en að auki fékk sviðið aukið hlutverk í innkaupamálum, áhættugreiningum og eftirliti með rekstri.
- Mannauðs- og starfsumhverfissvið ber ábyrgð á mannauðstengdum verkefnum, launamálum og starfsumhverfi auk rekstrar og þjónustuverkefna, þ.m.t. þjónustuveri.
- Skrifstofa bæjarlögmanns veitir lögfræðilega ráðgjöf í starfsemi Mosfellsbæjar auk þess að gegna lykilhlutverki við gerð uppbyggingarsamninga, úthlutun lóða, ber ábyrgð á undirbúningi funda bæjarráðs og bæjarstjórnar auk ábyrgðar á samhæfingu samþykktar og reglna m.t.t. góðra stjórnarháttar.
- Innri endurskoðun er ný eining í skipuriti Mosfellsbæjar sem mun gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi sveitarfélagsins. Í upphafi er gert ráð fyrir að hlutverki innri endurskoðunar verði útvistað. Bæjarlögmaður er tengiliður við innri endurskoðun fyrir hönd bæjarráðs.

Skipting útgjalda stoðsviða- og skrifstofa í m.kr.




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Umbótaverkefni

Strategía vann stjórnkerfis- og rekstrarúttekt á Mosfellsbæ á árinu 2023. Sú vinna skilaði 74 umbótatillögum. Margar eru komnar í farveg, s.s. með nýju skipuriti, lyklun verkefna, stafrænum áherslum, stjórnendafræðslu og verður vinnu við þær haldið áfram á árinu 2024.

Lagt er til að helstu áherslur 2024 séu eftirtaldar:

- Áframhaldandi forysta í stafrænum umbreytingum.
- Innri endurskoðun.
- Mælaborð gagna.
- Árangursmælingar.
- Reglubundnar þjónustukannanir.
- Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn.
- Þjónustustefna.
- Aukin áhersla á gæðastjórnun og verkferla.
- Uppfærsla og samræming á samþykktum nefnda.




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Stafræn umbreyting

- Þjónusta við íbúa Mosfellsbæjar er sett í forgang með fjárfestingu í stafrænni umbreytingu. Áhersla er á nútímatækni, betri rekstur og skilvirkari þjónustu.
- Mosfellsbær leggur mikla áherslu á gott samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu og tekur virkan þátt í því samstarfi á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Á árinu 2024 eru lítil og stór verkefni í farvatninu. Þar má nefna:
 - Innleiðingu Snjallmennis með GPT-tækninni sem var unnin er í samstarfi við fyrirtækin Cludo og Miðeind. Innleiðing er áætluð í lok árs 2023 eða við upphaf árs 2024.
 - Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Kópavogsbæjar er snýr að tilraunaverkefni um samnýtingu skólalausna í þágu þjónustu við börn á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta lausnin sem verður prófuð í samstarfi sveitarfélaganna er innritun í grunnskóla. Með því eru stigin enn frekari skref í átt að auknu samstarfi sveitarfélaga um þróun og rekstur tæknilausna.
 - Ný byggingagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) sem þróuð er í samstarfi við Kolibri. Gáttin mun hafa í för með sér bætta upplýsingagjöf og einfaldara viðmót fyrir notendur. Mosfellsbær var valinn sem eitt af þróunarsveitarfélögum gáttarinnar.

Skipting útgjalda í stafrænni umbreytingu í m.kr.



Áhugavert

Frá innleiðingu í ágúst 2023 á rafrænni undirritun hönnuða á teikningar til byggingarfulltrúa hafa sparast 868 km og kolefnissporið hefur minnkað um 110,3 kg.

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Mannauður og starfsumhverfi

	Áætluð		Breyting milli	Meðalaldur
	Stöðugildi 2023	stöðugildi 2024	ára	starfsfólks 2023
Fræðslu- og frístundasvið				
Leikskólar	217,9	224,4	6,5	37,6
Grunnskólar	293,7	302,3	8,6	46,2
Frístund og félagsmiðstöðvar	27,3	27,9	0,6	29,5
Listaskóli og skólahljómsveit	23,8	23,8	0,0	49,9
Skrifstofa fræðslu og frístundasviðs	8,3	11,9	3,6	45,9
Menningar, -íþróttar- og lýðheilsusvið				
Íþróttamiðstöðvar	37,1	38,0	0,9	
Bókasafn og Héraðsskjalasafn	7,3	7,3	0,0	
Skrifstofa menningar- lýðheilsu- og íþróttamála	4,0	2,0	-2,0	
Stoðsvið stjórnsýslu				
	24,5	24,9	0,4	
Velferðarsvið				
Skrifstofa velferðarsviðs	10,6	11,7	1,1	44,8
Málefni fatlaðs fólks	63,0	144,0	81,0	34,9
Þar af búseta	54,3	121,8	67,5	
Þar af NPA	0,0	4,2	4,2	
Móttaka flóttafólks	1,0	1,0	0,0	
Umhverfissvið				
Skrifstofa umhverfissviðs	4,6	4,7	0,1	51,9
Byggingareftirlit	4,0	4,0	0,0	56,2
Skrifstofa eignasjóðs	5,8	6,0	0,2	52,9
Þjónustustöð, umhverfi og veitur	18,2	18,3	0,1	37,9
Samtals	751,1	852,2	101,1	

Áhugavert

Símat á starfsánægju starfsstöðvar Mosfellsbæjar verður innleitt á árinu 2024.

Átta núverandi starfsmenn Mosfellsbæjar hafa starfað fyrir sveitarfélagið í meira en 35 ár.

Meðalaldur starfsfólks Mosfellsbæjar í október 2023 var 43,3 ár.

Áætlað er að fræðsluáætlanir fyrir allar starfsstöðvar verði unnar og útfærðar á árinu 2024 í samstarfi við Akademias.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Fræðslu- og frístundamál

Undir málaflokk fræðslu og frístundamála fellur rekstur grunnskóla, leikskóla, frístundastarfsemi, listaskóla, vinnuskóla og stoðþjónustu skóla, þ.m.t. skóla- og ráðgjafapjónusta.

Áherslur ársins 2024 eru:

- Áframhaldandi innleiðing farsældarlaga og að samstarf fræðslu- og frístundasviðs og velferðarsviðs verði eft og gert skilvirkara.
- Innleiðing menntastefnu.
- Efling skólaþróunar í samvinnu við Háskóla Íslands og aðrar fagstofnanir.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging í upplýsingatæknimálum grunnskóla.
- Áframhaldandi vinna að bættu starfsumhverfi stofnana sviðsins í samvinnu við mannauðs- og starfsumhverfissvið.
- Úthlutun leikskólalássa - að börn sem eru 12 mánaða 1. ágúst 2024 fái leikskólaláss.
- Áframhaldandi endurnýjun skólalóða við leik- og grunnskóla.
- Endurnýjun á skólamötuneytum Reykjakots og framtíðarsýn á mötuneytismálum Varmárskóla.
- Mótuð verði framtíðarsýn fyrir húsnæði leikskólans í Leirvogstungu.

Áhugavert

1837 börn í grunnskólum


882 börn í leikskólum og hjá dagforeldrum

641 barn í Listaskólanum


569 stöðugildi í fræðslu- og frístundastarfi



Skipting útgjalda fræðslu- og frístundamála í m.kr.



Stöðugildi í fræðslu- og frístundastarfi



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Leikskólar og dagforeldrar

- Mosfellsbær starfrækir átta leikskóla, þar af tvo sem eru samreknir með grunnskóla. Leikskólarnir eru: Höfðaberg, Hulduberg, Hlíð, Hlaðhamrar, Leirvogstunguskóli og Reykjakot auk samreknna leikskólanna í Helgafellsskóla og Krikaskóla. Jafnframt eru börn á leikskólaaldri í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Mosfellsbæjar og í vistun hjá dagforeldrum.
- Alls er gert ráð fyrir um 817 börnum í leikskólum Mosfellsbæjar á næsta ári auk 40 barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við kennslu og umönnun yngstu barnanna er kr. 2.846 m.kr.

Áhugavert



40% fjölgun barna í leikskólum á sl. 10 árum


10,4% er hlutdeild foreldra í rekstri leikskóla

458.495 kr. er kostnaður á mánuði vegna eins árs barns*

260.083 kr. er kostnaður á mánuði vegna fimm ára barns*


*skv. Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Kostnaður við leikskóla í m.kr.



*Leikskólahluti

Fjöldi barna eftir leikskólum



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Betri vinnutími

- Frá ágúst á þessu ári hófust skráningatímar og skráningadagar í leikskólum Mosfellsbæjar.
- Markmið með skráningardögum er:
 - Standa vörð um daglegt starf leikskólans
 - Standa skil á styttingu vinnutíma starfsfólks sbr. kjarasamninga
 - Efla starfsumhverfi leikskólanna
- Skráningatímar eru eftir kl. 14 á föstudögum.
- Skráningadagar eru í vetrar- jóla og páskafríum grunnskóla.




Áhugavert


Skráningadagar eru víða komnir á í sveitarfélögum t.d. í Kópavogi, Akureyri og Akranesi.

Meiri ánægja er með núverandi fyrirkomulag styttingar meðal starfsfólks og stjórnenda leikskóla.

Hlutfall barna sem hætta klukkan 14:00 á föstudögum






Hlutfall barna sem fóru í vetrarfrí á sama tíma og grunnskólanemendur



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Gjaldskrár Leikskóla haust 2023



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Grunnskólar


- Í Mosfellsbæ eru 5 grunnskólar: Helgafellsskóli, Krikaskóli, Varmárskóli, Kvíslarskóli og Lágafellsskóli.
- Alls er gert ráð fyrir 1.837 nemendum í grunnskólum Mosfellsbæjar. Að auki eru 47 nemendur í almennum og sérskólum utan Mosfellsbæjar.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við rekstur grunnskóla á árinu 2024 er áætlaður 5.081 m.kr.
- Heildarkostnaður við hvern grunnskólanemenda í skólum Mosfellsbæjar er kr. 2,7 m.kr.




Áhugavert

18% fjölgun grunnskólanema á sl. 10 árum
85,7 m.kr. er áætlaður kostnaður skóla- og frístundaaksturs
221 m.kr. er áætlaður kostnaður vegna sérskóla

Skipting kostnaðar við grunnskóla í m.kr.



Fjöldi nemenda í grunnskólum




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Frístundaheimili

- Frístundaheimili eru við alla grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.
- Meginhlutverk frístundaheimila er að bjóða nemendum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.
- Fjöldi nemenda í frístundaheimilum Mosfellsbæjar er 491.
- Kostnaður við frístundaheimilin í Mosfellsbæ og sérskólum á árinu 2024 er áætlaður 178 m.kr.

Skipting kostnaðar við frístundaheimili í m.kr



Hlutfallsleg þátttaka barna í frístundaheimilum eftir aldri



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Félagsmiðstöðvar, ungmennahús og Vinnuskóli


- Í Mosfellsbæ er félagsmiðstöðin Bólið starfrækt á þremur starfsstöðum, í Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og við Varmár- og Kvíslarskóla.
- Félagsmiðstöðvarnar eru ætlaðar fyrir ungmenni á aldrinum 10-16 ára og eru opnar allt árið.
- Félagsmiðstöðvarnar eru opnar frá kl. 9-16 alla virka daga og frá kl. 19:30-22 þrjú kvöld í viku.
- Helstu viðfangsefni félagsmiðstöðvanna eru klúbbastarfsemi, tónlist, spilakvöld, dansleikir og þátttaka í stærri viðburðum, s.s. Samfés. auk fræðslu- og forvarnastarfs í samstarfi við skóla, foreldra og samfélagslögreglu.
- Á sumrin starfrækir Mosfellsbær vinnuskóla sem ætlaður er fyrir ungmenni í 8. - 10. bekk.
- Áætlaður kostnaður við félagsmiðstöðvar og vinnuskólann á árinu 2024 er 179 m.kr.

Áhugavert




Starfsstöðvar Vinnuskólans eru 15 talsins talsins
Í Bólinu starfa 17 starfsmenn í samtals sjö stöðugildum
Í Vinnuskólanum starfa 20 flokksstjórar

Skipting kostnaðar félags- og tómstundastarfs



Fjöldi ungmenna í vinnuskólanum



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Skóla- og ráðgjafabjónusta


- Í Mosfellsbæ er starfrækt skóla- og ráðgjafabjónusta, lögum samkvæmt.
- Skóla- og ráðgjafabjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.
- Sérfræðingar skóla- og ráðgjafabjónustu eru með fjölbreytta menntun og þekkingu. Innan bjónustunnar starfa m.a. sálfræðingar, talmeinafræðingar, kennsluráðgjafi, leikskólaráðgjafi, sérkennarar, iðjubjálfar og þroskabjálfar.
- Fjöldi barna í leik- og grunnskólum á skólaárinu 2022-2023 sem nýtti sér bjónustuna var 386, eða um 14% barna. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda barna á árinu 2024.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við stuðningsbjónustu við nemendur í leik- og grunnskólum auk skóla- og ráðgjafabjónustu er kr. 968 m.kr.

Áhugavert




- 49% mála eru ráðgjafamál
- 40% eru greiningarmál hjá sál- og/eða talmeinafræðingum
- 8% mála eru samþættingarmál
- 3% mála eru vegna þátttöku í teymum til langs tíma

Skipting kostnaðar vegna sértæks stuðnings í leik- og grunnskólum í m.kr.



Fjöldi barna í skóla- og ráðgjafabjónustu skólaárið 2022-2023 eftir skólastigi




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Listaskólinn

- Til Listaskólans telja Tónlistarskólinn, Skólahljómsveitin, Myndlistarskóli Mosfellsbæjar og Leikfélag Mosfellsveitar.
- Tónlistaskólinn og Skólahljómsveitin eru rekin af Mosfellsbæ en Myndlistarskólinn og Leikfélagið fá styrk frá Mosfellsbæ til starfseminnar.
- Fjöldi barna í tónlistarnámi eru 363, 350 í Tónlistarskólanum og 13 sem sækja tónlistarnám utan Mosfellsbæjar.
- Fjöldi barna í Skólahljómsveitinni er 92.
- Kennslan fer fram bæði á og eftir skólatíma. Á skólatíma er kennt innan skólanna og utan skólatíma fer fram kennsla í húsnaði Tónlistarskólans og í húsnaði Skólahljómsveitarinnar. Með þessu fyrirkomulagi hafa fleiri nemendur tæk á að stunda nám í Listaskólanum.
- Heildarkostnaður 2024 Listaskólans árið 2024 er áætlaður kr. 311 m.kr.


Skipting útgjalda við Listaskóla og annað tónlistarnám í m.kr.



Fjöldi barna í Listaskólanum



10 algengustu hljóðfærin í Listaskólanum



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Farsæld barna


- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi í janúar 2022 og er innleiðingartíminn áætlaður 3-5 ár. Aðalmarkmið laganna er samþættari og betri þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra með aukinni samvinnu þeirra aðila sem koma að þjónustu við börn.
- Hún skiptist í þrjú stig þar sem 1. stig er grunnþjónusta sem á sér stað í grunn- og leikskólum auk mæðraverndar á heilsugæslunni. 2. stigs þjónusta er skóla-og ráðgjafa þjónusta og þjónusta velferðarsviðs. Á 3. stigi þjónustu er m.a. barnavernd og önnur sértæk úrræði, s.s. BUGL.
- Þjónustu Mosfellsbæjar hefur verið þrepaskipt á öllum þremur stigum.
- Skipaðir hafa verið tengiliðir farsældar í grunn- og leikskólum, auk málastjóra á velferðarsviði.
- Á árinu 2024 verður lögð áhersla á að skerpa á hlutverkum tengiliða og vinna að aukinni samvinnu allra aðila sem koma að málefnum barna.

Áhugavert



32 m.kr. framlög frá ríki á árinu 2024 til verkefnisins
60% af málum á 1. stigi
40% af málum á 2. og 3. stigi

Stigskiptur stuðningur við börn og ungmenni



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Velferðarmál


- Undir málaflokk velferðar fellur þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta.
- Farsæld barna í gegnum samþættingu þjónustu verður eitt af áherslumálum ársins 2024.
- Móttaka flóttafólks verður áfram áberandi á næsta ári. Með samningi sem var undirritaður á árinu 2023 skuldbatt Mosfellsbær sig til að taka á móti allt að 80 einstaklingum fyrir lok janúar 2024 og eru í lok árs 2023 komnir yfir 60 einstaklingar í móttöku.
- Í upphafi árs 2024 er gert ráð fyrir að tilraunaverkefni, á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, um samþættingu stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar fari af stað í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Eir.



Áhugavert

- 219 fatlaðir einstaklingar fá þjónustu
- 208 eldri borgarar fá þjónustu
- 250 börn fá þjónustu barnaverndar
- 104 einstaklingar fá fjárhagsaðstoð

Skipting útgjalda velferðarmála í m.kr.



Áhugavert

- 149 stöðugildi í velferðarþjónustu
- 249 starfsmenn í velferðarþjónustu
- 14 stjórnendur og sérfræðingar á skrifstofu velferðarsviðs

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Börn og ungmenni

- Ýmis konar þjónusta er veitt til barna og ungmenna á velferðarsviði. Þar er stærstur hluti þjónustu veitt fötluðum börnum og ungmennum, en einnig er börnum veitt félagsleg þjónusta í formi t.d. stuðningsfjölskyldna og einstaklingsstuðnings. Barnavernd heyrir einnig undir velferðarsvið þar sem fjölmargar fjölskyldur fá stuðning.
- Farsæld barna í gegnum samþættingu þjónustu verður forgangsmál hjá sviðinu á árinu 2024 þar sem skert verður á hlutverki málstjóra og samvinna eflað milli allra hlutaðeigandi aðila.
- Lögð er áhersla á að mæta einstaklingsbundnum þörfum barna, m.a. í gegnum skammtímadvalir eða á heimili fyrir börn, eftir því sem best hentar hverju og einu barni og bregðast við breytingum á þeirra þjónustubörfum.

Áhugavert




395 börn fengu þjónustu velferðarsviðs 2022


545 tilkynningar bárust til barnaverndar 2022

70 starfsmenn í tímavinnu sinna einstaklingsstuðningi

Skipting útgjalda í velferðarþjónustu við börn og ungmenni í m.kr.



Áætlaður fjöldi barna í þjónustu 2024



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Fullorðið fatlað fólk

- Þann 1. júlí 2023 tvöfaldaðist fjöldi starfsfólks velferðarsviðs þegar Mosfellsbær tók yfir þjónustu við fatlaða íbúa Skálatúns.
- Á árinu 2024 er í fyrsta sinn áætlað fyrir fyrrum starfseiningar Skálatúns, sex búsetukjarna og eina dagþjónustu.
- Nýr búsetukjarni að Úgötu er áætlaður í lok árs 2024 og munu fimm fatlaðir einstaklingar flytja í hann, þar af tveir sem áður bjuggu að Skálatúni. Um er að ræða tilfærslu á útgjöldum að mestu leyti vegna annarrar þjónustu sem fellur niður á móti.
- Undir kostnaðarlið dagþjónustu fellur dagþjónustan Skjól í Skálahlíð ásamt öðrum vinnu- og virkniúrræðum.
- Í NPA þjónustu á árinu 2024 verði 13 einstaklingar, ekki er gert ráð fyrir nýjum samningum á árinu og er enginn á bið eftir þjónustunni.


Áhugavert



- 150 notendur í þjónustu
- 12 starfsstöðvar, þar af 10 búsetukjarnar
- 11 einstaklingar á bið eftir búsetu



Hlutfall fatlaðra af íbúafjölda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu*



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Eldri borgarar


- Þjónusta til eldri borgara í Mosfellsbæ er fjölbreytt og er að miklu leyti veitt frá þjónustumiðstöðinni að Eirhömrum.
- Á árinu 2024 mun hefjast tilraunaverkefnið Gott að eldast sem felur í sér samþætta þjónustu heimahjúkrunar og stuðningsþjónustu þar sem Eir verður framkvæmda aðilinn. Verkefnið er unnið í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Félagsstarfið færði út kvíarnar á árinu 2023 og er afsprengi þess að boðið verður upp á opið hús í Hlégarði einu sinni í viku á árinu 2024. Notendum fjölgaði mikið við opnun í Hlégarði og er gert ráð fyrir að sú fjölgun muni halda sér.
- Í áætlun er gert ráð fyrir fyrstu skrefum í innleiðingu á velferðartækni í þjónustu, m.a. í formi skjáheimsóknar sem býður upp á aukinn sveigjanleika í þjónustu.
- Samkvæmt áætlun munu hefjast á árinu framkvæmdir vegna stækkunar Hamra hjúkrunarheimilis um 66 viðbótarrymi.

Áhugavert



- 1.600 ferðir eknar í akstursþjónustunni
- 40 notendur fá akstursþjónustu
- 200 heimili fá heimastuðning

Skipting útgjalda í málaflokki eldri borgara í m.kr.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Félagsþjónusta

- Ein tegund grunnþjónustu sem velferðarsvið veitir er félagsleg ráðgjöf sem veitt er frá 18 ára aldri.
- Fjárhagsaðstoð er veitt til þeirra sem ná ekki að framfleyta sér með öðrum hætti.
- Fleiri einstaklingar þurfa að nýta sér fjárhagsaðstoð þegar atvinnuframboð er takmarkað. Áætlun 2024 tekur mið af því að atvinnuleysi er lágt.
- Flestir þeirra sem þurfa að nýta fjárhagsaðstoð fá slíka aðstoð í 1-3 mánuði og eru þar af leiðandi færri sem eru á langtíma fjárhagsaðstoð. Við langtímaveru einstaklinga á fjárhagsaðstoð fer af stað mikil vinna félagsráðgjafa velferðarsviðs við að efla einstaklinga, s.s. með félagslegri ráðgjöf og í gegnum virkniúrræði eða önnur viðeigandi úrræði.

Áhugavert




64 umsóknir um félagslega ráðgjöf 2022

104 fengu fjárhagsaðstoð 2022

2 félagsráðgjafar sinna félagslegri ráðgjöf

Þróun útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar í m.kr.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Félagslegt húsnæði

- Framboð á félagslegu leiguhúsnæði til handa tekjulágum einstaklingum er lögbundið verkefni sveitarfélaga.
- Í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir kaupum á fjórum íbúðum á árinu 2024, einni sölu á eldri íbúð og fjölgun um tvær framleigðar íbúðir.
- Sveitarfélagið veitir sérstakan húsnæðisstuðning, sem kemur til viðbótar almennum húsnæðisbótum, til að aðstoða við íþyngjandi leigukostnað. Árlega fá rúmlega 200 íbúar sérstakan húsnæðisstuðning, áætlaður kostnaður 2024 er 83 m.kr.
- Mosfellsbær er með samning um nýtingu gistiskýla Reykjavíkurborgar fyrir heimilislausa einstaklinga. Greiddur er raunkostnaður vegna gistinga sem Mosfellingar nýta sér. Kostnaður vegna hvernar nætur á árinu 2023 var 47.000 kr. Mosfellsbær mun jafnframt taka þátt í samstarfsverkefni SSH ráðgjafapjónustu við heimilislaust fólk.
- Mosfellsbær veitir stofnframlög, 12% af kaup/byggingarverði til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að íbúðahúsnæði á viðráðanlegu verði til einstaklinga undir tekju- og eignaviðmiðum. Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir stofnframlögum til annarra aðila fyrir allt að 20 m.kr.
- Bjarg, félag í eigu ASÍ er að hefja byggingu 24 íbúða í Mosfellsbæ sem ætlaðar eru fyrir tekjulága einstaklinga á leigumarkaði.
- Fasteignafélagið Bakki er að hefja byggingu á 60 íbúðum sem uppfylla skilyrði um hlutdeildarlán. Í samningi á milli Mosfellsbæjar, Húsnæðis-og mannvirkjastofnunar og Bakka er gert ráð fyrir a.m.k. 30 íbúðir séu seldar einstaklingum sem hafa fengið vilyrði um hlutdeildarlán.

Áhugavert



51 félagsleg íbúð, þar af 30 í eigu Mosfellsbæjar
30 einstaklingar eru á bið eftir félagslegu húsnæði
207 leigjendur eru með sérstakan húsnæðisstuðning




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Flóttafólk

- Mosfellsbær hefur verið þáttökuaðili í samræmdri móttöku flóttafólks frá 1. febrúar 2023.
- Samningurinn kveður á um að Mosfellsbær taki á móti og veiti þjónustu til allt að 80 einstaklinga, m.a. í formi þess að aðstoða við húsnæðis- og atvinnuleit, sækja um réttindi o.fl.
- Á fyrstu tveimur árum flóttafólks endurgreiðir ríkið útlagðan kostnað sveitarfélagsins, s.s. fjárhagsaðstoð, húsnæðisbætur, íslenskunámskeið o.fl.
- Einn ráðgjafi sinnir móttökunni og er gert ráð fyrir í áætlun 2024 að greiðslur fyrir móttökuna samkvæmt samningi standi undir launakostnaði þess starfsmanns.
- Einstaklingar í samræmdri móttöku flóttafólks hafa komið frá Úkraínu, Tyrklandi, Venesúela, Sýrlandi, Afganistan, Sómalíu, Palestínu og Nígeríu.

Flóttafólk í samræmdri móttöku eftir atvinnustöðu 1. okt. 2023



Áhugavert



63 einstaklingar voru í samræmdri móttöku 1. október 2023

18 börn eru í samræmdri móttöku


1 ráðgjafi sinnir samræmdri móttöku

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Menningar-, íþróttar- og lýðheilsuáætlun

- Sviðið annast undirbúning stefnumörkunar í menningar-, íþróttar- og lýðheilsuáætlunum og framkvæmd þeirra verkefna sem sviðinu eru falin.
- Á árinu 2024 er gert ráð fyrir því að verja um 1.610 m.kr. til málaflokkanna í heild.
- Vinna við móttöku sviðsins stendur yfir og tekur nýtt skipulag gildi í byrjun árs 2024.
- Verkefnastjóri Hlégarðs er starfsmaður sviðsins og sinnir bæði því húsi og öðrum viðburðum.
- Undir sviðið heyrir menningar- og lýðræðisnefnd og íþróttar- og tómstundanefnd í samvinnu við starfsmenn fræðslu- og frístundasviðs.
- Starfsemi íþróttamannvirkja verður með hefðbundnum hætti, viðhaldsframkvæmdir aukast og viðvera starfsmanna á æfingartíma yngstu barna í Varmá eykst lítillega.
- Starfsemi bókasafns og Héraðsskjalasafns verður með hefðbundnum hætti en áhersla á viðburði heldur áfram að marka þróun starfseminnar.
- Gert er ráð fyrir því að B-hluta stofnunarinnar Hlégarður standi undir gjöldum með tekjum frá leigutökum og þeim viðburðum sem félagsheimilið stendur fyrir. Áætlunin byggir á reynslu síðustu mánaða.

Skipting útgjalda í menningar og íþróttamálum í m.kr.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Íþróttir og Lýðheilsa


- Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag og hluti af því er að bjóða upp á hreyfiaðstöðu fyrir almenning. Íþróttasvæði bæjarins og gott aðgengi að útivistarmöguleikum leika þar meginhlutverk.
- Undir íþróttamál fellur rekstur íþróttamannvirkja að Varmá, Lágafelli, íþróttavöllurinn á Tungubökkum og gervigrasvöllurinn að Varmá.
- Einnig heyra hér undir styrkir til íþróttafélaga og framlög til Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins.
- Samningar um styrki til íþróttafélaga koma til endurnýjunar um mitt næsta ár með gildistöku 1. janúar 2025.
- Unnið verður að mikilvægum viðhalds- og endurbóta verkefnum sem komin eru á tíma.
- Viðvera starfsmanna á æfingartíma Aftureldingar verður aukin.
- Unnið verður að gerð aðgerðaáætlunar og mótun mælikvarða fyrir lýðheilsu- og forvarnarstefnu.




Áhugavert

Iðkendur hjá Aftureldingu voru 2.162 eða 16,1% af íbúafjölda (árið 2022)

Skipting útgjalda í íþróttamálum í m.kr.



Heimsóknir í íþróttamiðstöðina að Lágafelli



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Menningarmál

- Undir menningarmál falla Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar og Hlégarður.
- Framlög til lista- og menningarsjóðs aukast lítillega, m.a. til að eiga möguleika á að kaupa listaverk.
- Verkefnið „Hlégarður heim“ hefur gengið vel og markmiðið er að viðburðir verði um 250 á árinu 2024.
- Unnið verður að uppfærslu aðgerðaáætlunar fyrir lýðræðisstefnu á vettvangi menningar- og lýðræðisnefndar.
- Vægi sjálfsafgreiðslu á bókum hefur aukist verulega. Útlán og skil í sjálfsafgreiðslu voru 17.000 árið 2017 og er spáð að þær verði 23.000 árið 2023. Áhersla er að árið 2024 aukist enn vægi sjálfsafgreiðslu.
- Á árinu 2024 er áformað að gera safnkost Héraðsskjalasafns sýnilegri ogað haldin verði sögukvöld í Hlégarði.

Bókasafn og Listasalur



Áætlað að 104 leikskólahópar heimsæki bókasafnið 2023. Þeir voru 57 árið 2019 og áætlað að þeir verði 115 árið 2024.

10 listasýningar eru haldnar í Listasalnum ár hvert.

Hlégarður




Að jafnaði 16 viðburðir í hverjum mánuði árið 2023.

Að minnsta kosti 10 viðburðir á árinu 2023 þar sem selt er inn og áttíu þúsundir gestafjöldi um 2.000.

Markmið 2024 er að haldnir verði 250 viðburðir.

Skipting útgjalda í menningarmálum í m.kr.



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Umhverfismál

- Áskoranir framundan felast í að takast á við sögulega uppbyggingu á Blikastöðum í nýju 9.000 íbúa hverfi.
- Grenndarstöðvum verður fjölgað á árinu.
- Sorphirða verður boðin út á árinu.
- Áframhaldandi innleiðing verður á lögum um hringrásarhagkerfið.


Áhugavert



27 starfsmenn starfa á sviðinu á ársgrundvelli.

Á sumrin tvöfaldast fjöldi starfsmanna þegar ungmenni hefja störf í garðyrkju, þjónustustöð og Mosveitum.

Málaflokkar sem heyra undir umhverfismál



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Skipulags- og byggingarmál

Skipulagsmál

- Nýtt aðalskipulag er á lokametrinum þar sem áhersla er á innleiðingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og bættar almenningssamgöngur Borgarlínu.
- Unnið að deiliskipulagi fyrsta áfanga Blikastaðalands, þar sem á næstu 15-25 árum er áætlað að rísi 3.500-3.700 nýjar íbúðir.
- Endurskoðun skipulags og þétting byggðar við Bröttuhlíð.
- Uppbygging 5. áfanga Helgafellshverfis.
- Undirbúningur skipulags 6. áfanga Helgafellshverfis norðan Ásahverfis.
- Uppbygging Langatanga við Hamraborg.
- Uppbygging 89.000 m² verslunar-, þjónustu- og athafnarsvæðis á Korputúni við Korpúlfsstaðarveg.
- Áframhaldandi uppbygging miðsvæðis Mosfellsbæjar.

Byggingarmál

- Fjölgun íbúa í Mosfellsbæ á undanförnum árum hefur verið í sögulegu hámarki en á árunum 2013-2023 fjölgaði íbúum um 49,6%.
- Árið 2022 markaði timamót í Mosfellsbæ þar sem fjöldi íbúða í fjölbýli varð sá sami og fjöldi íbúða í sérbýli.
- 2023 var rólegt ár í nýbyggingum en ljóst er að umfangið mun aukast 2024 og áætlað er að það nái hámarki árin 2025 og 2026.
- Helstu nýjungar hjá embætti byggingarfulltrúa 2023-2024 er innleiðing stafrænnar stjórnsýslu sem felur í sér rafrænar umsóknir um byggingarleyfi og byggingaheimildir ásamt rafrænum undirritunum og innsíglunum hönnunargagna. Þessu fylgir mikill sparnaður í pappír og tíma starfsfólks sem og notenda.
- Á árinu 2024 mun byggingarfulltrúi taka þátt í vinnuhópum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um breytingar á byggingarreglugerð og þróun byggingagáttar.




Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar


Samgöngumál

- Árlegur kostnaður við rekstur Strætó eykst um 13% frá fyrra ári.
- Tvær leiðir keyra frá Mosfellsbæ, leiðir 7 og 15.
- Mosfellsdalur er þjónustaður með pöntunarþjónustu leigubíla.
- Næturstæð er nýjung í þjónustu strætó í Mosfellsbæ og greitt sérstaklega af bænum.


Hlutfallsleg skipting útgjalda í samgöngumálum



Skipting útgjalda í samgöngumálum



Innstig í Strætó innan Mosfellsbæjar*



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

MosVeitur

- Mosfellsbær rekur fjórar aðskildar veitur sem sameiginlega nefnast MosVeitur. Það eru hitaveita, vatnsveita, fráveita og götulýsing.
- Hjá MosVeitum eru fjögur stöðugildi og hefur verið óbreytt síðastliðin ár.
- Rekstraröryggi og bilanþjónusta veitnanna þarf að vera örugg allan sólarhringinn alla daga ársins sem er áskorun í stækkandi bæjarfélagi.
- Meðal verkefna á árinu 2024 eru LED-væðing götulýsingar og annarrar lýsingar í Mosfellsbæ.
- Snjallmælavæðing, útboð og útskipti mæla hefjast 2024.
- Veitukerfin verða stækkuð í takt við uppbyggingu bæjarins.
- Unnið er að greiningu á hlutfalli kaldvatnsnotkunar frá heimilum annars vegar og fyrirtækjum hins vegar.
- Í áætlunum næsta árs er gert ráð fyrir að kaupa kalt vatn fyrir um 85 m.kr af Veitum ohf. sem samsvarar um 5.100 m³/dag. Þetta er um 70% af heildarnotkuninni sem samsvarar þá rúmum 500 ltr/íbúa á dag, bæði til atvinnu og heimilisnota.
- Mosfellsbær áformar að kaupa heitt vatn fyrir um 370 m.kr. 2024, sem samsvarar um 14.900 m³/dag. Það er því um 1.240 ltr/á dag bæði til heimilis og atvinnunota.



Áhugavert



Um 90% af heita vatninu fara til upphitunar en 10% sem neysluvatn (sturta, bað og þvottar) sem eru um 124 ltr/íbúa á dag.



Áhugavert

Fráveituvatn frá íbúum og atvinnustarfsemi er um 9.600m³ á sólarhring.

